

REGLUGERÐ

um ráðstöfunarfé vistmanna á dvalarstofnunum aldraðra.

1. gr.

Ráðstöfunarfé aldraðra, sem vistaðir eru á dvalarheimilum aldraðra og engar tekjur hafa aðrar en lífeyri almannatrygginga hækkar þannig að mánaðarupphæð sú, sem í gildi er í marsmánuði 1984, hækkar og verður 1 989,00 kr. á mánuði.

Ráðstöfunarfé aldraðra, sem vistaðir eru á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum fyrir aldraða og engar tekjur hafa aðrar en lífeyri almannatrygginga hækkar þannig að mánaðarupphæð sú, sem í gildi er í marsmánuði 1984, verður kr. 1 750,00.

2. gr.

Fjárhæðir skv. 1. gr. reglugerðar þessarar breytast eftir sömu reglum og fjárhæðir bóta almannatrygginga, sbr. 79. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 26. gr. laga um málefni aldraðra nr. 91/1982, sbr. ákvæði 2. til bráðabirgða sömu laga, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 286/1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.

1. gr.

Liður 7.5.2. orðist svo:

Við útreikning á kólnunartölum húsa og húshluta skal höfð hliðsjón af IST 66, þó með þeim breytingum, að í stað ákvæða um hæstu leyfilegu kólnunartölur sbr. kafla 2.2 í staðlinum, skulu eftirfarandi ákvæði gilda sem hæstu leyfilegu kólnunartölur fyrir íbúðarhús og hús þar sem svipaðar kröfur eru gerðar til raka og hitastigs:

Hámarksgildi kólnunartalna byggingarhluta:

k-gildi $W/m^2 \text{ } ^\circ C$

1. Útveggir	0,40
2. Þak	0,20
3. Gólf á fyllingu	0,30
Gólf að óupphituðu rými	0,30
Gólf að útilofti	0,20
4. Gluggar, karmar + gler, vegið meðaltal	2,50